

## Fundargerð 424

Föstudaginn 16. janúar 2015 kl. 9:30 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Borgum, Akureyri. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Sveinn Auðunn Sæland (varamaður). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Kristján Þ. Halldórsson sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Sigurður Árnason, sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Valdimar Hafsteinsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:42 og bauð fundarmenn velkomna. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2014
3. Aflamark Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2014 – yfirlit
4. Aflamark Byggðastofnunar á Djúpavogi
5. Áhættustefna Byggðastofnunar
6. Uppfærðar verklagsreglur um útlánastarfsemi
7. Sala fullnustueigna (Steig)
8. Fundargerðir lánanefndar
9. Brothættar byggðir – staða og framhaldið
10. Efling rannsókna á sviði byggðamála á Byggðastofnun
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 423 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2014

AP, HÁ og MH fóru yfir starfsáætlun og stöðu rekstrar m.v. 30.11.2014. Á næsta fundi verður tekin fyrir áætlun um rekstur fullnustueigna 2015.

### 3. Aflamark Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2014 – yfirlit

SÁ fór yfir minnisblað um Aflamark Byggðastofnunar 2013/2014. Gerðir voru samningar á sex stöðum um nýtingu á aflamarki Byggðastofnunar á fiskveiðiarinu. Þeir tengdust Bakkafirði, Drangnesi, Flateyri, Raufarhöfn, Suðureyri og Tálknafirði. Fór SÁ yfir aðkomu stofnunarinnar, hvernig til tókst á þessum stöðum og hvað mætti betur fara.

### 4. Aflamark Byggðastofnunar á Djúpavogi

SÁ fór yfir minnisblað um umsókn um aflamark á Djúpavogi. Í maí síðastliðnum auglýsti Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum á Djúpavogi vegna 400 þorskígildistonna aflamarks í

framhaldi af ákvörðun Vísis hf. að hætta fiskvinnslu á staðnum á árinu 2015. Ein umsókn barst frá Búlandstindi ehf., Ósnesi ehf., Fiskeldi Austfjarða og Vísi hf. Umsóknin byggir á blandaðri bolfiskvinnslu og vinnslu eldisfisks. Síðan umsóknin barst hafa orðið þær breytingar að Vísir hf. er ekki lengur í umsókninni og að umsækjendur hafa tryggt sér fasteignir Vísis sem ganga til félagsins að fimm árum liðnum gangi rekstur fiskvinnslunnar Búlandstinds eftir.

Í áætlunum umsækjenda er gert ráð fyrir að vinna 1.400-1.700 tonn af bolfiski á ári og að vinnsla eldisfisks fari úr 1.000 tonnum á fyrsta ári í 5.000 tonn á þriðja ári.

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við umsækjendur á grundvelli umsóknar.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Áhættustefna Byggðastofnunar

Drög að áhættustefnu og áhættureglum Byggðastofnunar voru lögð fram. Skv. 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal það á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni.

Rætt var um dreifingu á eignasafni stofnunarinnar og samþykkt að starfsmenn stofnunarinnar sendi nánari tillögu að skiptingu útlána eftir atvinnugreinum til stjórnar og að stjórn greiði atkvæði um hana í tölvupósti.

Ákveðið var að auglýsa skyldi hlutabréf stofnunarinnar til sölu og það verði gert ekki síðar en 1. mars nk. og fyrirtækjunum gerð grein fyrir því að það stæði til. Liggja þurfa fyrir sambærileg gögn fyrir hverja og eina hlutafjáreign.

## 6. Uppfærðar verklagsreglur um útlánastarfsemi

Frestað til næsta fundar.

## 7. Sala fullnustueigna (Steig)

...

## 8. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 32/14, 20. nóvember 2014*

AP fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 33/14, 3. desember 2014*

AP fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 34/14, 11. desember 2014*

AP fór yfir fundargerðina.

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 1/15, 8. janúar 2015*

AP og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

Fundi frestað kl. 12:10 og haldið áfram kl. 12:44

### **9. Brothættar byggðir – staðan og framhaldið**

KÞH kom á fundinn og sagði frá stöðu og fjárhag verkefnisins Brothættar byggðir, ráðningu verkefnisstjóra sem nú er unnið að, fjármögnun og kostnaðaráætlun.

KÞH vék af fundi.

### **10. Efling rannsókna á sviði byggðamála á Byggðastofnun**

Formaður ræddi um kortlagningu þjónustusóknar á Íslandi. Búið væri að kortleggja hvar fyrirtæki og opinberar stofnanir veittu þjónustu en ekki hvert fólk sækti þjónustu í raun og veru. Til væru fjármunir til að gera slíka rannsókn á byggðaáætlun og mikilvægt væri að efla enn frekar getu stofnunarinnar til að vinna sjálfstætt að grunnrannsóknum á sviði byggðamála.

AP og SBS munu gera minnisblað um framtíðarsýn á rannsóknarhlutverki stofnunarinnar.

### **11. Önnur mál**

*Staðsetning opinberra starfa*

SBS fór yfir yfirlit um staðsetningu opinberra starfa sem unnin hefur verið á stofnuninni. Umræður urðu um hvar draga ætti mörkin. Hvort miða eigi við stofnanir þar sem starfsmenn eru ríkisstarfsmenn, hvort einnig eigi að taka með stofnanir sem eru opinber hlutafélög eða hvort einnig eigi að taka með þær stofnanir og starfsemi sem að stærstum hluta fá fé til starfsemi sinnar af fjárlögum. Var niðurstaðan sú að reynt verði að ná til sem flestra starfa hvort sem um bein störf á vegum ríkisins er að ræða eða störf sem greidd eru að stærstum hluta af ríkinu.

*Árangur nemenda í samræmdum prófum*

ÁS óskaði eftir að árangur nemenda á landsbyggðinni í samræmdum prófum yrði skoðaður. Gæði skólastarfs ræður miklu um það hvar fólk velur sér búsetu. Það væri því grundvallar búsetuatriði að grunnskólar séu í lagi. Samgöngumál verða oft aðalmálið en skólar og leikskólar verða oft aukaatriði. Kanna á hvort hægt sé að tengja þetta við verkefnið Brothættar byggðir.

*Rekstrarumhverfi mjólkurframleiðenda*

Fundur er fyrirhugaður í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu á miðvikudaginn nk. með landbúnaðarráðherra, forstjóra MS og forsvarsmönnum bænda.

**12. Næsti fundur**

Næsti fundur verður 13. febrúar nk. Staðsetning verður ákveðin síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:35

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____